

## Útdráttur úr reglum Kviku banka hf. um hagsmunaárekstra

Markmið reglna Kviku banka hf. um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum er að stuðla að því að allar tiltækar ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptamanna bankans og koma í veg fyrir að draga megi í efa hlutlægni þeirra, sem reglurnar taka til, við meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Hagsmunaárekstrar geta skapast þegar bankinn veitir viðskiptamanni sínum fjárfestingarþjónustu sem getur haft í för með sér ávinning fyrir bankann eða aðra viðskiptamenn hans og leiðir til þess, eða getur leitt til þess, að veruleg hættu skapast á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptamanna skaðast.

Greina skal hagsmunaárekstra sem upp geta komið á milli annars vegar bankans sjálfs, þ.m.t. starfsmanna hans, einkaumboðsmanna eða aðila sem lúta yferráðum hans og viðskiptamanna, og hins vegar milli viðskiptamanna bankans innbyrðis.

Bankinn hefur skilgreint mögulegar aðstæður og atvik í starfsemi bankans sem geta valdið hagsmunaárekstrum og uppfærir bankinn þá skilgreiningu reglulega auk þess sem hann endurskoðar aðferðir og ráðstafanir sem fylgt er til að hafa stjórn á hagsmunaárekstrum.

Aðgerðir bankans til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra felast m.a. í því að:

- Koma í veg fyrir og leitast við að stýra upplýsingastreymi milli starfsmanna innan bankans, sem stunda starfsemi sem hefur í för með sér hættu á hagsmunaárekstrum, ef líkur eru á að upplýsingaskipti geti skaðað hagsmuni eins eða fleiri viðskiptamanna.
- Hafa eftirlit með aðilum innan bankans er geta lent í hagsmunaárekstrum við viðskiptamenn.
- Gæta þess að engar tengingar sé að finna milli þóknana starfsmanna bankans, sem annast fyrst og fremst eitt verksvið og þóknana starfsmanna á öðrum sviðum bankans, ef til hagsmunaárekstra gæti komið á milli þessara verksviða.
- Koma í veg fyrir óeðlileg áhrif á þá þjónustu sem bankinn veitir.
- Hafa til staðar innri reglur og verkferla er taka á þeim tilvikum þar sem starfsmenn taka samtímis, eða í beinu framhaldi, þátt í mismunandi verkefnum, í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.
- Hafa til staðar reglur um greiðslur þóknana, umboðslauna eða annarra fríðinda.

Þeir sem reglurnar ná til skulu kappkosta við að greina og koma í veg fyrir að aðstæður skapist sem geta valdið hagsmunaárekstrum. Ef að þær aðstæður skapast þar sem möguleiki er á hagsmunaárekstrum milli bankans og viðskiptamanns ber starfsmanni alltaf að láta hagsmuni viðskiptamanns ganga framur eigin hagsmunum.

Í þeim tilvikum þar sem aðferðir og ráðstafanir bankans geta ekki veitt fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmunum viðskiptamanna sé nægjanlega gætt skal bankinn upplýsa viðkomandi viðskiptamenn um eðli og ástæður hagsmunaárekstranna áður en til viðskipta er stofnað milli bankans og viðskiptamanns ef unnt er, að öðrum kosti áður en viðeigandi viðskipti eiga sér stað.